

Þingeyjarsveit
650 LAUGAR

Garðabær, 15. desember 2023
Málsnúmer: 202311-0058
SS

Efni: Umsögn um skipulagslýsingu deiliskipulags Laxárstöðva.

Vísað er í tölvubréf frá skipulagsfulltrúa Þingeyjarsveitar sem barst þann 28. nóvember í gegnum Skipulagsgátt. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um lýsingu fyrir gerð nýs deiliskipulags um Laxárstöðvar í Aðaldal.

Deiliskipulagið mun snúa að því að skilgreina núverandi starfsemi vatnsaflsstöðvanna Laxárstöð I, II og III í Aðaldal í Þingeyjarsveit. Einnig mun skipulagið ná yfir Geirastaðastíflu og Haganestíflu við Mývatn. Í skipulaginu er stefnt að því að skilgreina lóðir fyrir núverandi byggingar og mannvirki. Ekki er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu eða annarri mannvirkjagerð.

Í skipulagslýsinguna vantar umfjöllun um að skipulagssvæðið er að nær öllu leyti innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár. Mikilvægt er að fjallað sé um það og hvernig tekið er tillit til ákvæða laga nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í deiliskipulaginu eins og við á.

Að öðru leyti gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemd við skipulagslýsinguna en áskilur sér rétt á frekari ábendingum á síðari stigum.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

